

Janúar 2023



# Fjármögnunarlíkan heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu

Útgáfa 2023

**Útgefandi:**

Heilbrigðisráðuneytið

Janúar 2023

postur@hrn.is

stjornarradid.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Heilbrigðisráðuneytið

Mynd á forsíðu: Michael Held/unsplash.com

©2023 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-477-77-4

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>8</b>
<b>1. Lýsing fjármögnunarlíkans</b> .....	<b>9</b>
1.1 Fast fjármagn .....	10
1.1.1 Kostnaðarvísitala .....	10
1.1.2 Þarfavísitala.....	10
1.1.3 Félagsþarfavísitala .....	11
1.1.4 Viðhald og tæki.....	11
1.1.5 Geðheilbrigðisþjónusta .....	12
1.1.6 Aðrar dreifileiðir fast fjármagns .....	12
1.2 Breytilegt fjármagn .....	13
1.2.1 Túlkaþjónusta.....	14
1.2.2 Hlutdeild veittrar þjónustu.....	14
1.2.3 Heilsuvera.....	15
1.2.4 Náms og starfsþjálfun.....	15
1.2.5 Staðlað gæðamat þjónustu.....	16
1.2.6 Þjónusta við sjúklinga sem skráðir eru á aðra stöð.....	19
<b>2. Fylgiskjöl</b> .....	<b>21</b>
2.1 Skipting fjárhæða.....	21
2.2 Kostnaðarvísitala .....	22
2.3 Útreikningar á þarfavísitölu, áherslupætti og gæðaviðmiðum .....	24
2.3.1 Þyngdarstuðull og þarfavísitala.....	24
2.3.2 Gæðaviðmið og áherslupáttur.....	25
2.4 Úrvinnsla gagna vegna félagsþarfavísitölu .....	31
2.5 Heilsueflandi móttökur.....	32

2.6	Skráning sjúkdómsgreininga í sjúkraskrá: Leiðbeiningar í tengslum við fjármögnunarkerfi heilsugæslu.....	33
2.6.1	Samantekt úr lögum, reglugerðum og fyrirmælum varðandi sjúkraskrá.....	33
2.6.2	Hvaða sjúkdómsgreiningar skal skrá? .....	33
2.6.3	Hagnýt atriði.....	33

# Inngangur

Í fjármögnunarkerfi og kröfulýsingu vegna rekstrar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu eru gerðar skýrar og samræmdar kröfur til þjónustuveitenda og þannig leitast við að gæta jafnræðis milli rekstraraðila og notenda. Tilgangur kerfisins er að auka gæði og skilvirkni með það að markmiði að grunnheilbrigðisþjónusta sé í meira mæli veitt á heilsugæslustöðvum.

Í fjármögnunarkerfinu er stuðst við aðferðafræði sem er m.a. notuð í Vestra Gautalandi í Svíþjóð og hefur verið löguð að íslenskum aðstæðum. Aðferðafræðin byggist á því að fjármagn til rekstrar hvernar stöðvar endurspegli þann sjúklingahóp sem viðkomandi stöð þjónar. Allir sjúkratryggðir íbúar höfuðborgarsvæðisins eru skráðir á heilsugæslustöð eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni nema þeir óski sérstaklega eftir að vera ekki skráðir.

Einstaklingar hafa aðgang að eigin skráningu á heilsugæslustöðvar í Réttindagátt Sjúkratrygginga Íslands. Þar geta þeir breytt skráningu sinni en fjöldi skráðra einstaklinga hefur bein áhrif á fjármögnun heilsugæslustöðva samkvæmt því líkani sem lýst er hér í lýsingunni.

Í september 2021 var geðheilbrigðisþjónusta innan fjármögnunarlíkansins eflað umtalsvert með annars vegar 130 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til eins árs og hins vegar 126 m.kr. sérstakri fjárveitingu með það að markmiði að efla þjónustu við eldri borgara. Þjónustan getur verið samskipti við sálfræðinga, geðhjúkrunarfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk með sérmenntun eða þjálfun á þessu sviði. Fjárveiting sálfræðiþjónustu nú skilgreind sem þjónusta sem nær yfir öll samskipti við sálfræðinga, geðhjúkrunarfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk með sérmenntun eða þjálfun á sviði geðheilbrigðismála.

Árið 2022 var bætt við fjárveitingu fyrir áætluðum kostnaði heilsugæslustöðva vegna viðhalds á húsnæði og endurnýjun tækja og búnaðar. Útreikningi á hlutdeild veittrar þjónustu var breytt á þann hátt að komur á aðrar heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni eru nú taldar með til lækkunar á hlutdeild en í stað þess eru komur á slysa- og bráðamóttöku nú ekki taldar með til lækkunar. Útreikningur á hlutdeild veittrar þjónustu er nú í samræmi við útreikninginn í fjármögnunarlíkani heilsugæslu á landsbyggðinni.

Þá eru fjármögnunarlíkönin tvö nú tengd saman á þann hátt að framkvæmd er millifærsla frá heilsugæslustöðinni þar sem sjúklingurinn er skráður á og til þeirrar stöðvar sem veitir honum þjónustu hvort sem hún er innan fjármögnunarlíkans heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.

Í janúar 2022 setti heilbrigðisráðherra á laggirnar starfshóp með það að markmiði að skila tillögum að breytingum á lýsingu líkansins. Hópurinn var að störfum nær allt árið 2022 og skilaði tveimur skýrslum til ráðherra. Hluti þeirra breytinga og viðbóta sem hópurinn lagði til taka gildi nú í janúar 2023. Þar má helst nefna: aukið vægi félagsþarfaávitölu, breytt greiðslufyrirkomulag vegna vísitölnunnar og uppfærsla á útreikningi hennar; breytt greiðslufyrirkomulag vegna túlkajónustu; greiðslur fyrir stofnun miðlægs lyfjakorts; ný gæðaviðmið í stað fjögurra sem falla út og breyttur útreikningur á hlutdeild veittrar þjónustu. Þá er bætt við sérstöku virðisaukaskattsálagi fyrir einkareknar heilsugæslustöðvar sem fá ekki endurgreiddan virðisaukaskatt á sama hátt og opinberar stöðvar.

# 1. Lýsing fjármögnunarlíkans

Fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu er byggt á höfðatöluforskrift. Heildarfjárheimildum til málaflokksins er m.a. úthlutað samkvæmt áætluðu þjónustumagni á hvern einstakling út frá einkennum hans. Þetta er einkum gert á tvennan hátt:

- Með **kostnaðarvísitölu** út frá aldri og kyni.
- Með **þarfavísitölu** sem byggist á sjúkdómsbyrði einstaklinga.

Greitt er samkvæmt öðrum dreifireglum fyrir skólahjúkrun, túlkþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu sem stöðvarnar veita. Samskonar fyrirkomulag er notað við greiðslur fyrir útgáfu hreyfiseðla.

Auk þessa tekur kerfið tillit til lýðfræðilegra aðstæðna meðal einstaklinga sem skráðir eru á heilsugæslustöð. Sjö mismunandi breytur mynda félagsþarfavísitölu sem hefur áhrif á greiðslur til heilsugæslustöðva þar sem vísitalan mælist hæst.

Í fjármögnunarkerfinu er reiknuð hlutdeild veittrar þjónustu heilsugæslustöðva af þeirri þjónustu sem skilgreind er sem grunnheilbrigðisþjónusta. Sinni stöðin samlagi sínu í meira mæli en aðrir veitendur grunnþjónustu er greitt álag samkvæmt þeim þætti.

Lögð er áhersla á að heilsugæslustöðvar nýti Heilsuveru til tímapantana, lyfjaendurnýjana og til að taka á móti fyrirspurnum frá sjúklingum. Á árinu 2023 er veitt sérstöku fjármagni til að efla þessa notkun. Síðar verður fjármagninu veitt til annarra áhersluþátta.

Lögð verður áhersla á 11 viðmið sem snúa að gæðum þjónustunnar. Eitt þeirra felst í stofnun miðlægra lyfjakorta og að fara einu sinni á ári yfir lyf þeirra sem eru 60 ára og eldri og fá stöðvarnar sérstaklega greitt fyrir hverja yfirferð. Hin 10 gæðaviðmiðin snúa að skráningum, mælingum og verklagi sem gerðar verða kröfur um að heilsugæslustöðvar standist.

Sæki sjúkratryggður einstaklingur þjónustu á heilsugæslustöð án þess að vera skráður á hana samkvæmt tölvukerfi Sjúkratrygginga Íslands er greitt sérstaklega fyrir það.

Heildarfjármagni til heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu er skipt á milli heilsugæslustöðva eftir ofangreindum þáttum sem skýrðir eru nánar í næstu köflum.<sup>1</sup> Hlutfallslega skiptingu fjármagns eftir greiðsluþætti má sjá í fylgiskjali 2.1, en um 90% fjármagns verður skipt samkvæmt einkennum skráðra einstaklinga og öðrum dreifireglum. Um er að ræða fasta heildarfjárhæð á mánuði sem skiptist samkvæmt fjölda skráðra einstaklinga. Aðrir þættir eru breytilegir og geta sveiflast milli mánaða.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Í útgáfu líkansins fyrir árið 2023 er 11.900,8 m.kr. (brúttó) dreift innan fjármögnunarlíkansins. Fyrir utan líkan eru heimahjúkrun og sjálfstætt starfandi heilsugæslulæknar. Húsaleiga er sömuleiðis utan líkans en sértekjum er dreift innan líkans og eru áætlaðar 439,4 m.kr. árið 2023.

<sup>2</sup> Í fylgiskjali 2.1 má finna hlutfallslega skiptingu fjárhæða sem ætlaðar eru í heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2023.

## 1.1 Fast fjármagn

Fast fjármagn til rekstrar heilsugæslustöðva nemur um 90% af heildarfjármagni til heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2022. Fjármagninu er skipt eftir fjölda og einkennum einstaklinga sem skráðir eru á stöðina, þ.e. aldri og kyni, mældri sjúkdómsbyrði og lýðfræðilegum einkennum. Einnig er fjármagni skipt eftir fjölda skólabarna í skólum sem stöðin sinnir, áætlaðri þörf fyrir heilsueflandi móttökur, leghálsskimanir, hreyfiseðla og áætlaðri þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu samkvæmt kröfulýsingu.

### 1.1.1 Kostnaðarvísitala

Kostnaðarvísitala byggist annars vegar á kostnaðarvog sem skilgreinir mismunandi upphæð fyrir komur á stöðvar og vitjun fyrir hvern aldurshóp og kyn og hins vegar fjölda samskipta við starfsmenn heilsugæslustöðva.<sup>3</sup>

Kostnaðarvísitala heilsugæslustöðvar ræðst af fjölda einstaklinga sem skráðir eru á hverja stöð, kyni þeirra og aldri en meðaleinstaklingur fær þyngdina 1. Heilsugæslustöðvar sem eru með hlutfallslega fleiri einstaklinga yfir 65 ára aldri og ungbörn fá gildi hærra en 1. Þær sem eru með hlutfallslega fleiri einstaklinga á miðjum aldri fá gildi lægra en 1.<sup>4</sup>

Greiðslur: Fjármagn dreift hlutfallslega eftir kostnaðarvísitölu vegnum fjölda.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er 36,1%.

### 1.1.2 Þarfavísitala

Þessi þáttur endurspeglar áætlað umfang þjónustu sem rekja má til sjúkdómsbyrði skráðra einstaklinga. Sjúkdómsgreiningar einstaklinga eru skráðar í samskiptaskrá heilsugæslustöðva sem haldið er utan um hjá embætti landlæknis. Þær fá ICD-10 kóða sem svo eru flokkaðir í ACG-flokka (e. Adjusted Clinical Groups). ACG-þyngd heilsugæslustöðvar ræðst af skráðum sjúkdómsgreiningum einstaklinga stöðvarinnar en meðaleinstaklingur fær þyngdina 1. Skráning sjúkdómsgreiningar hefur áhrif á greiðslur í 15 mánuði.<sup>5</sup>

Greiðslur: Fjármagn dreift hlutfallslega eftir þarfavísitölu vegnum fjölda.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er 36,1%

---

<sup>3</sup> Unnið úr samskiptaskrá heilsugæslustöðva sem haldið er utan um hjá embætti landlæknis.

<sup>4</sup> Sjá frekari lýsingu í fylgiskjali 2.2

<sup>5</sup> Sjá frekari lýsingu í fylgiskjali 2.3

### 1.1.3 Félagssparfávísitala

Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli lýðfræðilegra aðstæðna og notkunar heilbrigðisþjónustu. Reiknuð er félagssparfávísitala fyrir hverja heilsugæslustöð, byggð á lýðfræðilegum einkennum einstaklinga sem skráðir eru á stöðina. Sex lýðfræðilegar breytur eru notaðar.<sup>6</sup>

Breyta	Vigt
Hlutfall virkra eldri en 65 ára sem búa einir	6
Hlutfall virkra barna undir fimm ára	3
Hlutfall íbúa sem fengið hafa tólkaþjónustu sl. 15 mánuði.	10
Hlutfall virkra örorkulífeyrisþega	6
Hlutfall virkra einstæðra foreldra	4
Hlutfall virkra einstaklinga sem fæddir eru erlendis <sup>7</sup>	10

Fjöldi skráðra einstaklinga, sem fellur undir hverja lýðfræðilega breytu, er margfaldaður með vigt hennar. Margfeldi allra breytanna er lögð saman og deilt í útkomuna með fjölda skráðra einstaklinga til að fá félagssparfávísitölu stöðvarinnar.

Greiðslur: Fjármagn dreift hlutfallslega eftir félagssparfávísitölu vegnum fjölda.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 3,5%.

### 1.1.4 Viðhald og tækni

Greitt er fyrir áætlað viðhald á húsnæði og endurnýjun tækja og annars búnaðarka. Fjármagn að upphæð 69,0 m.kr. er ætlað til þessa árið 2023 og er því dreift þannig að:

- helmingur fjármagns er skipt jafnt á milli stöðvanna 19
- helmingur fjármagns er dreift hlutfallslega eftir fjölda skráðra

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 0,6%.

<sup>6</sup> Sjá frekari lýsingu í fylgiskjali 2.4

<sup>7</sup> Virkir einstaklingar eru þeir sem komið hafa á heilsugæslu og/eða á læknavaktina sl. 15 mánuði.



## 1.1.5 Geðheilbrigðisþjónusta

### ***Geðheilbrigðisþjónusta***

Í kröfulýsingu vegna rekstrar heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu er gerð krafa um að veitt verði viðeigandi gagnreynd meðferð við geðheilbrigðisvanda. Þjónustan getur verið samskipti við sálfræðinga, geðhjúkrunarfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk með sérmenntun eða þjálfun á þessu sviði. Fjármagn að upphæð 700 m.kr. er ætlað til þessa árið 2023 og er því skipt eftir fjölda einstaklinga sem skráðir eru á hverri stöð. Fjármögnun vegna geðheilbrigðisþjónustu hefur verið aukin jafnt og þétt frá árinu 2017 þegar fjármögnunarlíkanið tók gildi.

Í september 2022 var tímabundin fjárveiting til geðheilbrigðisþjónustu um 130 m.kr. gerð varanleg.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 5,9%.

### ***Geðheilbrigðisþjónusta fyrir aldraða***

Þjónustan getur verið samskipti við sálfræðinga, geðhjúkrunarfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk með sérmenntun eða þjálfun á þessu sviði. Fjárveitingin nemur 130,5 m.kr. árið 2023 og er skipt hlutfallslega eftir fjölda skráðra einstaklinga 75 ára og eldri á hverri stöð.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 1,1%.

## 1.1.6 Aðrar dreifileiðir fast fjármagns

### ***Skólahjúkrun***

Greitt er fyrir skólahjúkrun í grunnskólum miðað við fjölda skólabarna í þeim skóla/-um sem heilsugæslustöð sinnir í upphafi skólaárs. Greiddar eru 18.895 kr. fyrir hvert skólabarn. Miðað er við að eitt stöðugildi skólahjúkrunarfræðings sinni um 650 nemendum.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er 4,8%.

### ***Heilsueflandi móttökur.***

Í samræmi við Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 er átaksverkefni sem snýr að heilsuvernd og heilsueflingu eldra fólks og einstaklinga með fjölbættan og/eða langvinnan heilsuvanda tengdan lífnaðarháttum hluti af lýsingu fjármögnunarlíkansins árið 2023. Markmiðið er að veita ákveðnum markhópum heilðræna, framsækna og þverfaglega heilbrigðisþjónustu. Auk þess að styðja og styrkja eldra fólk til sjálfshjálpar og auðvelda aðgengi, samþættingu og samfellu viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Markhóparnir eru:

- Aldraðir einstaklingar og fjölskyldur þeirra.

Einstaklingar með/eða í áhættu á að fá fjölbættan og/eða langvinnan heilsuvanda tengdan lífnaðarháttum. Fjármagn í verkefnið er 144,5 m.kr. og er dreift hlutfallslega eftir fjölda einstaklinga

í viðmiðunarhópum. Árið 2024 er stefnt að því að dreifing fjármagns vegna átaksverkefnisins taka meira mið af mældum þjónustubáttum.<sup>8</sup>

Viðmiðunarhópar:

- Einstaklingar 75 ára og eldri.
- Einstaklingar með sykursýki 2, háþrýstingssjúkdóma, blóðþurrðarhjartasjúkdóma, langvinna lungnateppu og offitu.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er 1,2%.

### **Hreyfiseðlar**

Lögd er áhersla á að auka útgáfu hreyfiseðla sem meðferðarúrræði fyrir sjúklinga í ákveðnum áhættuhópum og eftir atvikum skoðun og ráðgjöf sjúkráþjálfara vegna stoðkerfisvanda.

Við útgáfu hreyfiseðils fer sjúklingur í einnar klukkustundar viðtal hjá hreyfistjóra og viðtalinu er síðan fylgt eftir með rafrænum samskiptum sjúklings og hreyfistjóra. Fjármagn fyrir þennan þátt nemur 58,3 m.kr. og skiptist hlutfallslega á milli stöðvanna eftir fjölda skráninga.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg

Hlutfall fjármagns: Áætlað hlutfall fjármagns er 0,5%.

### **Leghálsskimanir**

Skimanir fyrir krabbameini í leghálsi hafa færst frá Krabbameinsfélagi Íslands til heilsugæslunnar og er lögd áhersla á að auka fjölda kvenna sem mæta í skimun á hverju ári. Konum á aldrinum 23 til 29 ára er boðið í hefðbundna frumuskoðun á 3 ára fresti og konum á aldrinum 30 til 65 ára er boðið í HPV mælingu á 5 ára fresti. Fjármagn er 54,5 m.kr. og taka greiðslur mið af fjölda kvenna í viðmiðunarhóp á heilsugæslustöð. Kostnaður vegna rannsókna sýna er utan líkans.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg

Hlutfall fjármagns: Áætlað hlutfall fjármagns er 0,5%.

## **1.2 Breytilegt fjármagn**

Þessi hluti fjármögnunarkerfisins er um 10% heildarfjármagns og fer eftir mældum þjónustubáttum á stöðvunum. Mælt er hvort stöðin sinnir meirihluta skilgreindrar grunnþjónustu og notkun á Heilsuveru. Greitt er sérstaklega fyrir túlkþjónustu, yfirferð lyfjalista og stofnun miðlægs lyfjakorts, samkvæmt neðangreindri skilgreiningu sem er eitt af 11 gæðaviðmiðum kerfisins. Hin 10

---

<sup>8</sup> Sjá nánari umfjöllun í fylgiskjali 2.5.

gæðaviðmiðin snúa að skráningum, mælingum og verklagi sem gerðar eru kröfur um að heilsugæslustöðvar standist.

Þessu til viðbótar eru fjárheimildir færðar milli stöðva vegna þjónustu við sjúkratryggða einstaklinga sem ekki eru skráðir á stöðina (6.230 kr. á verðlagi ársins 2023). Millifærslan verður uppfærð þegar launaforsendur ársins liggja fyrir.

### 1.2.1 Túlkaþjónusta

Greitt er fyrir túlkaþjónustu í samræmi við notkun<sup>9</sup>. Greiðslan miðar við áætlað einingaverð á þjónustunni. Árið 2023 er greitt 8.500 kr. fyrir hvert skipti sem löggiltur túlkur er notaður og samskiptin skráð í Sögu. Sömuleiðis er greitt fyrir túlkaþjónustu í gegnum félagsþarfavísitölu.<sup>10</sup>

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 0,7%.

### 1.2.2 Hlutdeild veittrar þjónustu

Stefnt er að því að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður einstaklinga í heilbrigðiskerfinu. Markmiðið er að sú heilsugæslustöð sem einstaklingurinn er skráður á sé jafnan fyrsti viðkomustaður hans og sinni sem stærstum hluta af grunnheilbrigðisþjónustunni.

Greidd er umbun fyrir ákveðið hlutfall samskipta á heilsugæslustöð af skilgreindri grunnheilbrigðisþjónustu, þ.e. ákveðin krónutala fyrir hvert prósentustig umfram 50% upp að 90% hlutdeild. Skilgreind grunnheilbrigðisþjónusta eru samskipti í eftirtalin úrræði:

- Komur á heilsugæslustöðvar, til sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna og á Læknavaktina í Reykjavík,
- Símtöl til heilsugæslustöðva (1/2),
- Fyrirspurnir í gegnum Heilsuveru (1/4),
- Komur til barnalækna (án tilvísana), geðlækna og hjartalækna.

Greiddar er 6,43 kr. á hvert prósentustig umfram 50% hlutdeild en að hámarki 90% fyrir kostnaðarveginn fjölda á stöðinni í hverjum mánuði. Hlutdeild veittrar þjónustu er fundið þannig að talinn er fjöldi koma, símtala og fyrirspurna skráðra skjólstæðinga á heilsugæslustöð og deilt með fjölda samskipta samtals<sup>11</sup>.

<sup>9</sup> Talning miðar við úrlausnakóða í Sögu (löggiltur túlkur notaður). Einingaverð er 70% af áætluðu meðalverði á þjónustunni.

<sup>10</sup> Sjá kafla 1.1.3 um félagsþarfavísitölu þar sem taldir eru þeir sem hafa fengið túlkaþjónustu sl. 15 mánuði.

<sup>11</sup> Miðað er við að símtal jafngildi 1/2 komu á heilsugæslu og fyrirspurn 1/4 komu á heilsugæslu.

## Hlutdeild veittrar þjónustu

Fjöldi samskipta<sup>12</sup> skráðra á heilsugæslustöð

Fjöldi koma skráðra á aðrar stöðvar á landsbyggðinni

Fjöldi koma skráðra á aðrar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Fjöldi koma skráðra til sjálfstætt starfandi sérgreinalækna<sup>13</sup>

Fjöldi koma skráðra á Læknavaktina í Reykjavík

---

**Fjöldi samskipta samtals**

---

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er 4,8%.

### 1.2.3 Heilsuvera

Á árunum 2017 og 2018 var greitt sérstaklega fyrir að bjóða einstaklingum upp á tímabókanir, lyfjaendurnýjanir og fyrirspurnir í sjúklingakerfið Heilsuveru. Á árunum 2019 til 2022 var fjármagninu dreift eftir notkun á kerfinu og er svo áfram í núverandi lýsingu fyrir árið 2023.<sup>14</sup> Árið 2024 verður fjármagnið veitt til nýrra áhersluþátta.

Greiðslur verða reiknaðar þannig að talinn er fjöldi tímabókana, lyfjaendurnýjana og samskipta í hverjum mánuði og dreift fjármagnið hlutfallslega miðað við það.

- Þriðjungur af fjármagni liðarins á mánaðargrundvelli er miðaður við fjölda tímabókana.
- Þriðjungur er miðaður við fjölda lyfjaendurnýjana.
- Þriðjungur er miðaður við fjölda samskipta.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 0,7%.

### 1.2.4 Náms og starfsþjálfun

Gert er ráð fyrir áætluðum kostnaði heilsugæslustöðva vegna náms- og starfsþjálfunar nema. Í núverandi lýsingu nemur fjárveiting vegna þessa 129,4 m.kr. Miðað er við áætlaðan fjölda viðtala á hvern nema á dag sem reiknað er til eininga. Greitt er 10.790 fyrir hverja viðtalseiningu. Miðað er við eftirtalda nema:

---

<sup>12</sup> Fjöldi koma + fjöldi símtala (1/2) + fjöldi fyrirspurna í gegnum Heilsuveru (1/4).

<sup>13</sup> Barnalæknar, geðlæknar og hjartalæknar.

<sup>14</sup> Sjá frekari lýsingu í fylgiskjali 2.3.

- 2. árs læknisfræðinema.
- 6. árs læknisfræðinema.
- Kandidatsnema
- 3. árs hjúkrunarfræðinema.
- 4. árs hjúkrunarfræðinema.
- Sálfræðinema.
- 1. árs nema í ljósmæðrun.
- 2. árs nema í ljósmæðrun.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Hálfársleg.

Hlutfall fjármagns: Áætlað hlutfall fjármagns er 1,1%.

## 1.2.5 Staðlað gæðamat þjónustu

### *Miðlæg lyfjakort og yfirferð lyfjalista*

Greitt er fyrir stofnun miðlægs lyfjakorts sem inniheldur að minnsta kosti eitt lyf. Gert er ráð fyrir að átaksverkefnið taki tvö ár. Greiddar eru 10.790 kr. fyrir stofnun hvers korts.

Lögð er áhersla á umsjá með lyfjanotkun og að farið sé einu sinni á ári yfir lyfjalista einstaklinga 60 ára og eldri. Skoðað verður hvort farið hafi verið yfir lyfjalista, lyfjaávisanir endurmetnar og listarnir prentaðir út og afhentir einstaklingi á staðnum. Greiddar eru 10.790 kr. fyrir hverja yfirferð, þó ekki oftast en einu sinni á ári fyrir hvern einstakling. Yfirferð lyfjalista skal fara fram í viðtali við lækni á heilsugæslustöð viðkomandi skjólstæðings.

Greiðslur: Talinn er uppsafnaður fjöldi yfirfarinna lyfjalista og stofnun miðlægra lyfjakorta síðastliðna 12 mánuði og greitt 10.790 á ári fyrir hvern seðil eða stofnun lyfjakorts. Einungis er ein greiðsla á hvern einstakling á 12 mánaða tímabili.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 1,3%.

Hópar: Allir einstaklingar (miðlæg lyfjakort) og einstaklingar 60 ára og eldri (yfirfarnir lyfjalistar).

### *Önnur gæðaviðmið*

Ávísun sýklalyfja til kvenna. Hlutfall Kínólona af sýklalyfjum sem almennt er ávísað vegna þvagfærasýkinga verði undir 10% ávísana. Notkun Ciprofloxacin verði minnkuð.

Viðmið: Undir 10% ávísana til kvenna.

Greiðslur: Engar

Hópar: Konur 18 ára og eldri.

Tíðni mælinga: Mánaðarleg.

### **Skráðar inflúensubólusetningar þeirra sem tilheyra ákveðnum áhættuhópum.**

Viðmið: Áhættuhópar bólusettir gegn inflúensu á a.m.k. 15 mánaða fresti.

Greiðslur: Vaxandi í tveimur þrepum; 50% fjármögnun fyrir 40-50% hlutfall skráninga og 100% fjármögnun fyrir yfir 50% hlutfall.

Hópar: 60 ára og eldri ásamt einstaklingum með astma, langvinna lungnateppu, blóðþurrðarsjúkdóm í hjarta eða sykursýki.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

### **Blóðþrýstingur skráður hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum.**

Viðmið: Blóðþrýstingur skráður á a.m.k. 15 mánaða fresti hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum.

Greiðslur: Vaxandi í þremur stigum; 50% fjármögnun fyrir 40-60% skráningu, 75% fjármögnun fyrir 60-75% skráningu og 100% fjármögnun fyrir yfir 75% skráningu.

Hópar: Einstaklingar með langvinna lungnateppu, háþrýsting, blóðþurrðarsjúkdóm í hjarta eða sykursýki.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

### **Blóðþrýstingsgildi háþrýstingsjúklinga.**

Viðmið: Hlutfall einstaklinga með háþrýstingsgreiningu sem nær meðferðamarkmiðum blóðþrýstings 140/90 eða neðar sem skráð eru að minnsta kosti á 15 mánaða tímabili.

Greiðslur: Vaxandi í þremur stigum; 50% fjármögnun fyrir 60% skráningu, 75% fyrir 70% skráningu og 100% fyrir yfir 80% skráningu.

Hópar: Einstaklingar með háþrýstingsgreiningu.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

### **Hlutfall 75 ára og eldri með skráðan heimilislækni og/eða málástjóra.**

Viðmið: Yfir 95% 75 ára og eldri með skráðan heimilislækni og/eða málástjóra

Greiðslur: 100% fjármögnun fyrir 95% hlutfall og yfir.

Hópar: Einstaklingar 75 ára og eldri.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

### **Hlutfall einstaklinga með tiltekna langvinna sjúkdóma í reglulegu eftirliti.**

Viðmið: Einstaklingur mætir í eftirlit (heilsueflandi móttaka, viðtal við lækni, hjúkrunarfræðing ljósmóður eða sálfræðiviðtal) í það minnsta einu sinni á 15 mánaða fresti.

Greiðslur: 50% greiðsla fyrir 90% hlutfall, 100% fyrir 95% hlutfall.

Hópar: Einstaklingar með sykursýki, langvinna lungnateppu, háþrýsting,

blóðþurrðarhjartasjúkdóm og/eða þunglyndi.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

### Spirometriur framkvæmdar á heilsugæslustöð.

Viðmið: Spirometria framkvæmd á að minnsta kosti þriggja ára fresti.

Greiðslur: Fjármagni dreift hlutfallslega á milli stöðva eftir fjölda mælinga.<sup>15</sup>

Hópar: Allir sem eru með undirliggjandi áhættuþætti. Til að mynda nú- eða fyrrverandi reykingafólk (F17) og einstaklingar með langvinna lungnateppu, astma og önnur einkenni sem benda til langvinnis lungnasjúkdóms.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

### Bólusetningar barna.

Viðmið: Efla og viðhalda góðri bólusetningastöðu barna í heilsuvernd.

Greiðslur: 50% greiðsla fyrir 90% hlutfall og 100% greiðsla fyrir 95% hlutfall og yfir.

Nánari afmörkun: 12 mánaða bólusetning. Þrjú skammtar af bólusetningu gegn kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).

18 mánaða bólusetning. Einn skammtur af bólusetningum gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO).

4 ára bólusetning. Einn skammtur af bólusetningu gegn barnaveiki, stífkrampa og kikhósta í einni sprautu (Boostrix) eftir þriggja ára afmælisdaginn

Hópar:

- 12 mánaða: Fæðingárgangur sem verður 2 ára á árinu (árgangur 2021).
- 18 mánaða: Fæðingaárgangur sem verður 3 ára á árinu (árgangur 2020).
- 4 ára. Fæðingarárgangur sem verður 5 ára á árinu (árgangur 2018).

Tíðni greiðsluuppfærslu: Árleg.

### Hlutfall barna með fullnægjandi bólusetningar við útskrift úr 10. Bekk.

Viðmið: Efla og viðhalda góðri bólusetningastöðu barna í heilsuvernd.

Greiðslur: 50% greiðsla fyrir 90% hlutfall og 100% greiðsla fyrir 95% hlutfall og yfir.

Nánari afmörkun:

DTP-IPV bóluefni gegn barnaveiki, stífkrampa, kikhósta og mænusótt. Ein sprauta gefin 14 ára börnum.

MMR bóluefni gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum. Ein sprauta gefin 12 ára börnum.

---

<sup>15</sup> Einungis eru taldar spirometriur sem framkvæmdar eru á heilsugæslustöð.

HPV bóluæfni gegn human papilloma veiru sem getur aukið líkur á leghálskrabbameini. Tvær sprautur gefnar 12 ára stúlkum.<sup>16</sup>

Hópar: Fæðingarárgangur sem verður 16 ára á árinu 2023 (árgangur 2007)

Tíðni greiðsluuppfærslu: Árleg.

#### Ávísanir á ávanabindandi verkjalyf, lyf í flokki N02A (án N02AC52 og N02AE01).

Viðmið: Hlutfall einstaklinga með afgreitt yfir 300 DDD á 12 mánaða tímabili.

Greiðslur: Dreift hlutfallslega eftir fjölda skráðra.<sup>17</sup>

Hópar: Einstaklingar á lyfjum í flokki N02A (án N02AC52 og N02AE01)

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

#### Ávísanir á róandi lyf og svefnlyf N05C (án melatóníns N05CH).

Viðmið: Hlutfall einstaklinga með afgreitt meira en 600 DDD á 12 mánaða tímabili.

Greiðslur: Dreift hlutfallslega eftir fjölda skráðra.<sup>18</sup>

Hópar: Einstaklingar á róandi lyfjum og svefnlyfjum (án melatónín)

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

### 1.2.6 Þjónusta við sjúklinga sem skráðir eru á aðra stöð

Fjármögnunarkerfið gerir ráð fyrir að grunnþjónustu við skjólstæðinga í samlagi heilsugæslustöðvar sé sinnt á heilsugæslustöðinni. Sinni stöðin einstaklingum sem ekki eru skráðir þar og upplýsingar þess efnis berast til Sjúkratrygginga Íslands er framkvæmd millifærsla frá heilsugæslustöðinni þar sem viðkomandi er skráður og til þeirrar stöðvar sem veitir honum þjónustu. Árið 2023 nemur greiðslan 6.230 kr. á hverja komu. Sama gildir þegar einstaklingur fær þjónustu á heilsugæslustöð utan höfuðborgarsvæðisins. Millifærslan verður uppfærð í mars 2023 þegar launaforsendur ársins liggja fyrir.

Engar millifærslur eru á milli stöðva vegna influensu bólusetninga og rannsókna.

Sæki skjólstæðingur sem skráður er hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni (HUH) þjónustu hjá heilsugæslustöð bætast 6.230 kr. við greiðslur stöðvarinnar fyrir hverja komu berist upplýsingar um það úr afgreiðslukerfi stöðvarinnar til Sjúkratrygginga Íslands. Sæki einstaklingur þjónustu á Læknavaktina dragast 6.230 kr. frá þeirri stöð sem viðkomandi er skráður á nema gerður hafi verið samningur við Læknavaktina um að hún þjóni sjúklingum stöðvarinnar utan lágmarks þjónustutíma.

---

<sup>16</sup> Búið er að taka ákvörðun um að 12 ára drengir fái þetta bóluæfni í kjölfar útboðs árið 2023. Þeir munu ekki útskrifast úr grunnskóla fyrr en 2027 og verða þá teknir inn í þetta gæðaviðmið.

<sup>17</sup> Stefnt er að því að greiðslur samkvæmt viðmiðinu hefjist árið 2024.

<sup>18</sup> Stefnt er að því að greiðslur samkvæmt viðmiðinu hefjist árið 2024.



Sæki kona þjónustu heilsugæslu í leghálsskimun á annarri stöð en hún er skráð á er framkvæmd millifærsla frá heilsugæslustöðinni sem hún er skráð á og til þeirrar stöðvar sem veitir þjónustuna. Árið 2023 nemur greiðslan 3.180 kr. á hverja komu.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um -0,8%.

## 2. Fylgiskjöl

### 2.1 Skipting fjárhæða

Fjármögnunarlíkan heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins byggist á fjármagni til heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt fjárlögum ársins 2023 á fjárlagalið 08-507 og kröfulýsingu vegna rekstrar heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Heimahjúkrun fellur utan líkansins og kröfulýsingarinnar og þar með fjármagn sem ætlað er til rekstrar Miðstöðvar heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sinnir heimahjúkrun á nokkrum stöðum auk sérhæfðrar miðlægrar þjónustu (fjárlagaliður 08-506).<sup>19</sup> Greiðslur vegna húsaleigu eru utan líkans (≈4%). Í kröfulýsingunni er gerð krafa um vaktþjónustu til kl. 23.00 alla virka daga og kl. 09.00 til 22.00 um helgar og þeirri þjónustu sinnir Læknavaktin í núverandi kerfi. Um 65% fjárveitingar Læknavaktarinnar falla því innan líkans.

Tafla 1: Skipting fjármagns árið 2023

	Hlutfall	Fjárhæða ári í m. kr.
<b>Fast fjármagn</b>		
Kostnaðarvísitala	36,1%	4.291,9
Þarfavísitala (ACG)	36,1%	4.291,9
Félagsþarfavísitala	3,5%	415,0
Viðhald og tæki	0,6%	69,0
Virðisaukaskattsálag	0,1%	6,2
Geðheilbrigðisþjónusta	7,0%	830,5
<i>Geðheilbrigðisþjónusta</i>	5,9%	700,0
<i>Geðheilbrigðisþjónusta fyrir aldraða</i>	1,1%	130,5
Aðrar dreifileiðir fast fjármagns	6,9%	823,3
<i>Heilsueflandi móttaka</i>	1,2%	144,5
<i>Skólahjúkrun</i>	4,8%	566,0
<i>Hreyfiseðlar</i>	0,5%	58,3
<i>Leghálsskimanir</i>	0,5%	54,5
	<b>90,1%</b>	<b>10.727,8</b>
<b>Breytilegt fjármagn</b>		
Túlkabjónusta	0,7%	81,4
Heilsuvera	0,7%	89,0
Kostnaður vegna nema	1,1%	129,4
Lyfjaafstemming	1,3%	156,8
Önnur gæðaviðmið	2,0%	240,0
Hlutdeild veittrar þjónustu	4,8%	566,4
Aðrir skjólstæðingar	-0,8%	-90,0
	<b>9,9%</b>	<b>1.173,0</b>
	<b>100,0%</b>	<b>11.900,8</b>

<sup>19</sup> Geðheilsa – eftirfylgd, Göngudeild sóttvarna, Þróunarsvið heilsugæslunnar, Þroska- og hegðunarstöð, Færni- og heilsumatsnefnd og lðjuþjálfun.

## 2.2 Kostnaðarvísitala

Kostnaðarvísitalan byggist á kostnaðarvog og samskiptum við starfsmenn heilsugæslustöðva. Grunnur kostnaðarvogarinnar er viðtal hjúkrunarfræðings við barn á aldursbilinu frá fæðingu til fjögurra ára sem fær gildið 1. Viðtöl og vitjanir heilbrigðisstétta fá síðan hærri eða lægri gildi, allt eftir áætlaðri tímalengd og kostnaði.

Tafla 2: Kostnaðarvog

Aldurs- hópur	Viðtal								Vitjun						
	Hjúkrunar- fræðingar	Iðju- þjálfari	Ljós- mæður	Læknar	Sál- fræðingar	Sjúkra- liðar	Sjúkra- þjálfarar	Viðtal- meðaltal	Hjúkrunar- fræðingar	Iðju- þjálfari	Ljós- mæður	Læknar	Sjúkra- liðar	Sjúkra- þjálfarar	Vitjun - meðaltal
0-4	1,00	1,01	1,00	1,01	1,01	0,97	1,01	1,00	1,04	1,05	1,04	1,05	1,00	1,05	1,04
5-9	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
10-14	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
15-19	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
20-24	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
25-29	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
30-34	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
35-39	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
40-44	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
45-49	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
50-54	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
55-59	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
60-64	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
65-69	0,96	0,97	0,96	0,97	0,97	0,93	0,97	0,96	1,00	1,01	1,00	1,01	0,96	1,01	1,00
70-74	0,96	0,97	0,96	0,97	0,97	0,93	0,97	0,96	1,00	1,01	1,00	1,01	0,96	1,01	1,00
75-79	1,30	1,31	1,30	1,31	1,31	1,27	1,31	1,30	1,34	1,35	1,34	1,35	1,30	1,35	1,34
80-84	1,30	1,31	1,30	1,31	1,31	1,27	1,31	1,30	1,34	1,35	1,34	1,35	1,30	1,35	1,34
85+	1,30	1,31	1,30	1,31	1,31	1,27	1,31	1,30	1,34	1,35	1,34	1,35	1,30	1,35	1,34

Kostnaðarvísitala fyrir aldur og kyn er fundin með því að margfalda ofangreindar vigtir við fjölda samskipta við starfsmenn heilsugæslustöðva árið 2021. Kostnaðarveginn fjöldi samskipta er síðan deilt með mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu í lok árs 2021. Upplýsingar um fjölda samskipta við starfsmenn heilsugæslustöðva eru unnar úr samskiptaskrá sem haldið er utan um hjá embætti landlæknis.

Kostnaðarvísitalan fyrir aldur og kyn er fasti í fjármagnslíkaninu og er notuð fyrir árið 2023.

Tafla 3: Kostnaðarvísitala fyrir aldur og kyn

Aldur	KK	KVK	Aldur	KK	KVK	Aldur	KK	KVK
0	15,78	14,17	31	1,06	2,42	62	1,67	2,44
1	9,00	7,76	32	1,10	2,46	63	1,84	2,72
2	5,39	4,71	33	1,04	2,29	64	1,88	2,56
3	3,13	2,82	34	1,05	2,28	65	4,28	6,35
4	3,73	3,44	35	1,15	2,45	66	4,48	6,55
5	0,92	0,90	36	1,19	2,47	67	4,83	6,34
6	0,89	0,89	37	1,12	2,20	68	4,71	6,42
7	0,82	0,86	38	1,21	2,47	69	5,08	7,29
8	0,82	0,87	39	1,19	2,08	70	4,95	6,83
9	0,83	0,82	40	1,25	2,06	71	4,55	6,24
10	0,89	0,89	41	1,32	1,99	72	4,84	6,51
11	0,92	0,92	42	1,19	2,02	73	4,82	7,18
12	0,94	0,98	43	1,23	2,00	74	5,21	7,76
13	0,87	1,07	44	1,36	2,01	75	6,67	9,63
14	0,93	1,29	45	1,29	2,19	76	7,98	10,52
15	0,93	1,32	46	1,35	1,94	77	6,89	10,20
16	0,96	1,47	47	1,31	1,93	78	7,47	12,23
17	0,90	1,73	48	1,29	2,05	79	7,56	11,23
18	0,94	1,80	49	1,30	2,09	80	7,28	11,56
19	1,03	1,98	50	1,30	1,98	81	7,87	12,72
20	1,10	1,96	51	1,43	2,21	82	7,13	10,90
21	1,00	2,02	52	1,42	2,14	83	7,64	9,69
22	1,00	2,04	53	1,34	2,29	84	7,23	9,86
23	1,08	2,36	54	1,50	2,43	85	6,81	11,75
24	1,06	2,21	55	1,47	2,48	86	8,17	12,39
25	1,06	2,29	56	1,48	2,53	87	6,51	11,82
26	1,06	2,38	57	1,62	2,42	88	8,25	11,43
27	1,10	2,47	58	1,71	2,49	89	7,84	9,63
28	1,03	2,53	59	1,62	2,45	90	6,77	9,11
29	0,98	2,50	60	1,76	2,77	91	5,24	8,14
30	1,09	2,47	61	1,79	2,49	92+	2,87	7,76

## 2.3 Útreikningar á þarfavísitölu, áherslupætti og gæðaviðmiðum

Í fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu, sem unnið hefur verið eftir síðan í ársbyrjun 2017, er stuðst við aðferðafræði sem byggist á því að fjármagn til rekstrar hveirar heilsugæslustöðvar endurspeglir þann sjúklingahóp sem viðkomandi stöð þjónar. Að beiðni heilbrigðisráðuneytisins sér embætti Landlæknis um að reikna út fyrir hverja heilsugæslustöð nokkra af þeim þáttum sem lagðir eru til grundvallar í hinu nýja fjármögnunarkerfi. Þessir þættir eru þyngdarstuðull, þarfavísitala og tiltekin gæðaviðmið.

Hér á eftir fer stutt lýsing á því hvað liggur að baki útreikningum, hvaða gögn eru notuð og hvernig þyngdarstuðull og afleidd þarfavísitala hveirar heilsugæslustöðvar er nýtt í fjármögnunarkerfinu. Auk þess er fjallað um hvert gæðaviðmið fyrir sig.

### 2.3.1 Þyngdarstuðull og þarfavísitala

Samkvæmt fjármögnunarlíkani 2023 er 36,0% af föstu fjármagni til rekstrar heilsugæslustöðva skipt eftir mati á sjúkdómabyrði einstaklinga.

#### **Mat á sjúkdómabyrði einstaklinga, ACG flokkun**

ACG (*Adjusted Clinical Group*) flokkunarkerfið flokkar einstaklinga eftir sjúkdómabyrði þeirra. Sjúkdómabyrðin er metin út frá aldri, kyni og þeim sjúkdómum sem einstaklingur hefur verið greindur með á tilteknu tímabili. Einstaklingarnir veiga misþungt í flokkaranum eftir ólíkri samsetningu sjúkdómsgreininga.

Flokkunarkerfið og hugbúnaður til flokkunar var þróað af Johns Hopkins háskólanum í Baltimore í Bandaríkjunum og byggir á rannsóknum á sambandinu á milli sjúkdómabyrði og notkunar á heilbrigðisþjónustu. Kerfið er víða notað til grundvallar útdeilingu fjármuna til heilsugæslu.

#### **Gögn til flokkunar**

Til þess að flokka einstaklinga samkvæmt ACG flokkunarkerfinu og meta sjúkdómabyrði þeirra eru notuð gögn úr einni af heilbrigðisskrám landlæknis, samskiptaskrá heilsugæslu. Í skrána berast gögn um samskipti frá öllum heilsugæslustöðvum landsins í samræmi við fyrirmæli landlæknis um lágmarksskráningu. Gögn frá heilsugæslustöðvum berast nú í rauntíma til embættisins.

ACG flokkarinn nýtir upplýsingar um sjúkdómsgreiningar (ICD-10) úr staðfestum samskiptaseðlum, sem skráðar hafa verið á einstaklinga síðustu 15 mánuði áður en útreikningar eru framkvæmdir. Til grundvallar ICD-10 greiningu einstaklinga verða að liggja fyrir samskipti heilsugæslustöðvar við einstaklinginn.

Ekki skiptir máli hvort greining er skráð einu sinni eða oftár á 15 mánaða tímabili eða hvort sjúkdómsgreiningin er skráð á þeirri heilsugæslustöð sem einstaklingurinn tilheyrir þegar útreikningur fer fram, eða annarri heilsugæslustöð innan höfuðborgarsvæðisins. Þegar meira en 15 mánuðir eru frá síðustu skráningu sjúkdómsgreiningar tekur flokkarinn hana ekki lengur með í útreikninginn.

Miðað er við skráningu einstaklinga á heilsugæslustöðvar út frá upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands í lok hvers viðmiðunartíma. Ef einstaklingur flytur sig milli heilsugæslustöðva innan höfuðborgarsvæðisins flytjast sjúkdómsgreiningar síðustu 15 mánaða með honum yfir á nýju stöðina.

### ***Þyngdarstuðull, útkoma úr ACG flokkun***

Reiknaður er ACG-stuðull fyrir hverja heilsugæslustöð og er hann byggður á meðaltali sjúkdómsbyrðar þeirra einstaklinga sem skráðir eru á stöðina. Þessi stuðull kallast þyngdarstuðull.

Þar sem stuðullinn byggir á þeim sjúkdómsgreiningum sem skráðar eru fyrir hvern einstakling sem tilheyrir viðkomandi heilsugæslustöð getur hann hækkað eða lækkað í samræmi við skráðar sjúkdómsgreiningar hvers tímabils. Því gefur þyngdarstuðull vísbendingu um breytingu á sjúkdómabyrði þeirra einstaklinga sem tilheyra hverri heilsugæslustöð. Í fjármögnunarlíkaninu 2020 voru þær vogir sem liggja að baki útreikningi á sjúkdómsbyrði uppfærðar. Nýjar vogir byggja á kostnaðargreiningu á sjúkdómsgreiningum í samskipti heilsugæsluþjónustu og eru þróaðar út frá gögnum frá fjórum umdæmum í Svíþjóð 2017.

### ***Notkun þyngdarstuðuls í fjármögnunarkerfi***

Áður en þyngdarstuðull heilsugæslustöðvar er notaður í fjármögnunarkerfi heilsugæslustöðva höfuðborgarsvæðisins er hann jafnaður með þeim hætti að honum er deilt með meðaltalsstuðli einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu og til verður þarfavísitala hversrar stöðvar.

Þyngdarstuðullinn er endurmetinn á mánaðarfresti og segir til um hversu hátt hlutfall fjármagns vegna þarfavísitölu er úthlutað á hverja stöð fyrir sig.

### **2.3.2 Gæðaviðmið og áherslupáttur**

Hluti af breytilegu fjármagni sem úthlutað er til heilsugæslustöðva fer eftir stöðu hversrar stöðvar samkvæmt tilteknum gæðaviðmiðum og einum tilteknum áherslupátti. Þessi gæðaviðmið voru valin af velferðarráðuneytinu í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Viðmiðin voru valin með hliðsjón af gæðaviðmiðum sem notuð hafa verið í Svíþjóð þar sem þetta kerfi hefur verið í notkun í nokkur ár og þau aðlöguð að íslenskum veruleika.

Gera má ráð fyrir því að gæðaviðmiðin geti breyst eftir því sem tíminn líður og eftir því hverjar áherslurnar eru hverju sinni. Árið 2020 komu inn minniháttar breytingar á gæðaviðmiðum varðandi yfirferð lyfjalista. Þá koma inn nýir árgangar fyrir bólusetningar barna árlega. Áherslupátturinn Heilsuvera vegur 0,7% af heildarfjárframlagi til heilsugæslustöðva, stofnun miðlægra lyfjakorta og yfirferð lyfjalista 1,3% og öll önnur gæðaviðmið samanlagt 2,0%.

### ***Gögn***

Við útreikninga á gæðaviðmiðum eru sem fyrr nýtt gögn úr samskiptaskrá heilsugæslu. Að auki eru upplýsingar um bólusetningar teknar úr bólusetningarskrá og upplýsingar um lyfjanotkun úr lyfjagagnagrunni. Listi yfir skráða einstaklinga á hverri heilsugæslustöð er sendur mánaðarlega frá Sjúkratryggingum Íslands og miðar við stöðu skráninga í lok hvers mánaðar.

Ekki skiptir máli á hvaða heilsugæslustöð skráning sjúkdómsgreininga og úrlausna fer fram, heldur fylgja sjúkdómsgreiningar og úrlausnir einstaklingunum yfir á þá stöð þar sem þeir eru skráðir á hverju viðmiðunartímabili. Athuga skal þó að samkvæmt lýsingu skal yfirferð lyfjalista fara fram á heilsugæslustöð viðkomandi einstaklings.

Upplýsingar um mælingar berast af mælingarhluta allra samskiptaseðla eða úr mælingareiningu. Upplýsingar um notkun á Heilsuveru byggja á tölfræði sem unnin er upp úr sjálfvirkri aðgerðaskrá þar sem ópersónugreinanlegar upplýsingar vistast við allar aðgerðir notenda.

### **Áherslupáttur: Heilsuvera**

Forsendur þess að einstaklingur geti notað þjónustur Heilsuveru er að viðkomandi sé skráður á tiltekna heilsugæslustöð. Við útreikninga á gæðaviðmiðum vegna notkunar á Heilsuveru eru tölfræðigögn sem unnin eru út frá aðgerðasögu notanda (log) í gagnagrunn Heilsuveru. Aðgerðir notanda í Heilsuveru eru flokkaðar niður á heilsugæslustöð viðkomandi. Talinn er fjöldi tímabókana sem notendur bóka á heilsugæslustöð, fjöldi beiðna um lyfjaendurnýjun og fjöldi samskipta sem notandi sendir á heilbrigðisstarfsmann í hverjum mánuði í gegnum Heilsuveru og dreifist fjármagnið hlutfallslega miðað við það.

Nánari afmörkun: Þriðjungur af fjármagni á mánaðargrundvelli er miðaður við fjölda tímabókana, þriðjungur er miðaður við fjölda beiðna um lyfjaendurnýjun og þriðjungur er miðaður við fjölda samskipta.

Viðmunarhópur: Á ekki við.

Tímabil mælingar: 1 mánuður.

### **Stofnun miðlægra lyfjakorta og yfirferð lyfjalista hjá 60 ára og eldri einu sinni á ári**

Talinn er fjöldi einstaklinga 60 ára og eldri sem farið hefur verið yfir lyfjalista hjá (úrlausnarkóði LYF1) eða stofnað nýtt miðlægt lyfjakort (úrlausnarkóði LYST1) síðustu 12 mánuði.

Greiðslur vegna viðmiðsins er skipt niður í 12 mánaðagreiðslur. Ef farið er yfir lyfjalista einstaklings aftur innan 12 mánaða frá síðustu yfirferð eða nýtt miðlægt lyfjakort stofnað fyrir einstaklinginn þá endurnýjast tímabilið og greitt verður fyrir yfirferðina næstu 12 mánuðina.

Varðandi yfirferð lyfjalista er aldur einstaklinga er miðaður við síðasta dag þess tímabils sem verið er að meta. Einstaklingur sem er orðinn 60 ára í lok hvers mánaðar er því tekinn með í útreikninginn fyrir þann mánuð þrátt fyrir að hafa ekki verið orðinn 60 ára þegar lyfjalistinn var yfirfarinn. Yfirferð lyfjalista skal fara fram í viðtali við lækni á skráðri heilsugæslustöð viðkomandi sjúklings.

Aldur skiptir ekki máli varðandi greiðslu fyrir stofnun nýs miðlægs lyfjakorts.

Nánari afmörkun yfirferð lyfjalista: Úrlausnarkóði: LYF1.

Viðmunarhópur vegna yfirferðar lyfjalista: Allir einstaklingar 60 ára og eldri.

Nánari afmörkun miðlægs lyfjakort: Úrlausnarkóði LYST1.

Viðmiðunarhópur vegna stofnun miðlægs lyfjakorts: Allir einstaklingar með eitt lyf eða fleiri.

Tímabil mælingar: 12 mánuðir.

### **Önnur gæðaviðmið**

**Ávísun sýklalyfja til kvenna. Hlutfall Kínólona af sýklalyfjum sem almennt er ávísað vegna þvagrærasýkinga verði undir 10% ávísana.** Notkun Ciprofloxacin verði minnkuð.

Talinn er fjöldi kvenna 18 ára og eldri með ávísanir á Kínolonar sem hlutfall allra ávísana á sýklalyf sem almennt er ávísað vegna þvagrærasýkinga meðal kvenna.

Nánari afmörkun: Kínólonar-sýklalyf: ATC kóðar: J01MA02 og J01MA06 sem skráð eru sem úrlausnir. Önnur sýklalyf vegna þvagfærasýkinga: ATC kóðar: J01CA08, J01EA01 eða J01XE01.  
Viðmunarhópur: Allar konur 18 ára og eldri.  
Tímabil mælingar: 1 mánuður (síðasti mánuður áður en útreikningar fara fram).

### Skráðar inflúensubólusetningar þeirra sem tilheyra ákveðnum áhættuhópum

Talinn er fjöldi einstaklinga 60 ára og eldri og einstaklingar með skráðar sjúkdómsgreiningar í tilteknum sjúkdómaflokkum sem fengið hafa inflúensubólusetningu, sem hlutfall af einstaklingum sem tilheyra þessum hópum.

Aldur einstaklinga er miðaður við síðasta dag þess tímabils sem verið er að meta. Einstaklingur sem er orðinn 60 ára í lok mánaðar er því tekinn með í útreikninginn fyrir þann mánuð þrátt fyrir að hafa ekki verið orðinn 60 ára þegar inflúensubólusetning var gefin.

Nánari afmörkun: Bólusetningar skráðar með ATC kóða: J07BB01, J07BB02 og J07BB03.  
Viðmiðunarhópur: 60 ára og eldri eða einstaklingar með virkar sjúkdómsgreiningar í eftirfarandi sjúkdómaflokkum (sjá meðfylgjandi lista yfir ICD-10 sjúkdómsgreiningar):

- Sykursýki
- Blóðþurrðarhjartasjúkdómar
- Langvinn lungnateppa
- Astmi

Tímabil mælingar: 15 mánuðir.

### Blóðþrýstingur skráður hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum

Talinn er fjöldi einstaklinga með skráðan blóðþrýsting og virkar ICD-10 greiningar í tilteknum sjúkdómaflokkum sem hlutfall af heildarfjölda einstaklinga sem tilheyra þessum hópum.

Nánari afmörkun: Blóðþrýstingur skráður í þar til gerð hólf í mælingahluta samskiptaseðla eða í mælingareiningu.

Viðmiðunarhópur: Einstaklingar með virkar ICD-10 greiningar í eftirfarandi sjúkdómaflokkum (sjá meðfylgjandi lista):

- Sykursýki
- Háþrýstingur
- Blóðþurrðarhjartasjúkdómar
- Langvinn lungnateppa

Tímabil mælingar: 15 mánuðir.



## Bólusetningar barna

Reiknað er hlutfall barna sem hafa fengið 12 mánaða, 18 mánaða og 4 ára bólusetningar.

Nánari afmörkun:

- 12 mánaða: Þrjú skammtar af bólusetningu gegn kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
- 18 mánaða: Einn skammtur af bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO).
- 4 ára: Einn skammtur af bólusetningu gegn barnaveiki, stífkrampa og kikhósta í einni sprautu (Boostrix) eftir þriggja ára afmælisdaginn.

Viðmiðunarhópar:

- 12 mánaða: Fæðingarárgangur sem verður 2 ára á árinu (fyrir útreikning árið 2023 er það þá fæðingarárgangur 2021).
- 18 mánaða: Fæðingarárgangur sem verður 3 ára á árinu (fyrir útreikning árið 2023 er það þá fæðingarárgangur 2020).
- 4 ára: Fæðingarárgangur sem verður 5 ára á árinu (fyrir útreikning árið 2023 er það þá fæðingarárgangur 2018).

## Hlutfall barna með fullnægjandi bólusetningar við útskrift úr 10. bekk

Reiknað er hlutfall unglinga sem hafa fengið bólusetningu gegn barnaveiki, stífkrampa, kikhósta, mænusótt, mislingum, hettusótt og rauðum hundum (yfirleitt gefið 12 og 14 ára unglingum) og hlutfall stúlkna sem hafa fengið tvær bólusetningar.<sup>20</sup>

Nánari afmörkun:

- DTP-IPV bóluefni gegn barnaveiki, stífkrampa, kikhósta og mænusótt (Boostrix Polio). Ein sprauta síðustu 5 árum.
- MMR bóluefni gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum. Ein sprauta á síðustu 4 árum..
- HPV bóluefni gegn human papilloma veiru sem getur aukið líkur á leghálskrabbameini (Cervarix og Gardasil). Tvær sprautur á síðustu 5 árum hjá stúlkum. Drengir bætast við frá og með fæðingarárgangi 2011.

Viðmiðunarhópar:

- Unglingar sem verða 16 ára á árinu (fyrir útreikning árið 2023 er það þá fæðingaárgangur 2007).
- DTP-IPV og MMR bæði kyn.
- HPV eingöngu stúlkur (þar til árgangur 2011 verður 16 ára)

---

<sup>20</sup> Frá og með fæðingarárgangi 2011 munu drengir bætast við.

### Gæðaviðmið: Spirometriur framkvæmdar á heilsugæslustöð

Talinn er fjöldi einstaklinga með skráðan úrlausnarkóðann spirometria.

Nánari afmörkun: Úrlausnarkóði fyrir spirometríu = WQFJ3 (Flokkunarkerfi STARRI), VGX30 (Flokkunarkerfi NCSP) eða GF434 (Flokkunarkerfi NCSP-IS).

Viðmiðunarhópur: Einstaklingar skráðir á heilsugæslustöðina.

Tímabil mælingar: 36 mánuðir

### Blóðþrýstingsgildi háþrýstingssjúklinga

Talinn er fjöldi einstaklinga með háþrýsting sem nær meðferðamarkmiðum í blóðþrýstingsmælingu 140/90 eða lægra í það minnsta einu sinni á 15 mánaða tímabili. Reiknað sem hlutfall af heildarfjölda einstaklinga sem hafa virkar ICD-10 háþrýstingsgreiningar.

Nánari afmörkun: Blóðþrýstingsmæling skráð í þar til gerð hólf í mælingarhluta samskiptaseðla eða í mælingareiningu.

Viðmiðunarhópur: Einstaklingar með virkar ICD-10 greiningu fyrir háþrýsting (sjá meðfylgjandi lista).

Tímabil mælingar: 15 mánuðir.

### Hlutfall 75 ára og eldri með skráðan heimilislækni og/eða málastjóra

Hlutfall er fjöldi einstaklinga 75 ára og eldri með skráðan heimilislækni og/eða málastjóra.

Nánari afmörkun: Hlutfall einstaklinga 75 ára og eldri sem eru með skráðan heimilislækni og/eða málastjóra.

Viðmiðunarhópur: Einstaklingar 75 ára og eldri.

Tímabil mælingar: Mánaðarleg.

### Hlutfall skjólstæðinga með tiltekna langvinna sjúkdóma í reglulegu eftirliti.

Hlutfall einstaklinga sem mæta í viðtal við lækni, hjúkrunarfræðing, ljósmæður eða sálfræðing á sinni heilsugæslustöð í það minnsta einu sinni á 15 mánaða fresti.

Nánari afmörkun: Fjöldi einstaklinga með virkar ICD-10 greiningar fyrir sykursýki, langvinna lungnateppu, háþrýsting, blóðþurrðarsjúkdóm og/eða þunglyndi sem eiga viðtal á stöð. Hlutfall reiknað af öllum einstaklingum í viðmiðunarhóp.

Viðmiðunarhópur: Fjöldi einstaklinga með virkar ICD-10 greiningar fyrir sykursýki, langvinna lungnateppu, háþrýsting, hjartasjúkdóm og/eða þunglyndi (sjá meðfylgjandi lista).

Tímabil mælingar: 15 mánuði.

**Ávísanir á ávanabindandi verkjalyf, lyf í flokki N02A (án N02AC52 og N02AE01).**

Viðmið: Hlutfall einstaklinga með afgreitt yfir 300 DDD á 12 mánaða tímabili.

Greiðslur: Dreift hlutfallslega eftir fjölda skráðra. <sup>21</sup>

Hópar: Einstaklingar á lyfjum í flokki N02A (án N02AC52 og N02AE01)

Tímabil mælingar: 12 mánuðir.

**Ávísanir á róandi lyf og svefnlyf N05C (án melatóníns N05CH).**

Viðmið: Hlutfall einstaklinga með afgreitt meira en 600 DDD á 12 mánaða tímabili..

Greiðslur: Dreift hlutfallslega eftir fjölda skráðra. <sup>22</sup>

Hópar: Einstaklingar á róandi lyfjum og svefnlyfjum (án melatónín)

Tímabil mælingar: 12 mánuði.

---

<sup>21</sup> Stefnt er að því að greiðslur samkvæmt viðmiðinu hefjist árið 2024.

<sup>22</sup> Stefnt er að því að greiðslur samkvæmt viðmiðinu hefjist árið 2024.

**Sjúkdómaflokkar og ICD-10 kóðar**

Sykursýki		Sykur-sýki 2	Háþrýstingur	Blóðþurrðar-hjartasjúkdómar		Langvinn lungnateppa	Astmi	Offita	punglyndi
E10	E12.5	E11	I10	I20	I24.1	J44	J45	E66	F32
E10.0	E12.6	E11.0	I11	I20.0	I24.8	J44.0	J45.0	E66.0	F32.0
E10.1	E12.7	E11.1	I11.0	I20.1	I24.9	J44.1	J45.1	E66.1	F32.1
E10.2	E12.8	E11.2	I11.9	I20.8	I25	J44.8	J45.8	E66.2	F32.2
E10.3	E12.9	E11.3	I12	I20.9	I25.0	J44.9	J45.9	E66.8	F32.3
E10.4	E13	E11.4	I12.0	I21	I25.1		J46	E66.9	F32.8
E10.5	E13.0	E11.5	I12.9	I21.0	I25.2				F32.9
E10.6	E13.1	E11.6	I13	I21.1	I25.3				F33
E10.7	E13.2	E11.7	I13.0	I21.2	I25.4				F33.0
E10.8	E13.3	E11.8	I13.1	I21.3	I25.5				F33.1
E10.9	E13.4	E11.9	I13.2	I21.4	I25.6				F33.2
E11	E13.5		I13.9	I21.9	I25.8				F33.3
E11.0	E13.6		I15	I22	I25.9				F33.4
E11.1	E13.7		I15.0	I22.0					F33.8
E11.2	E13.8		I15.1	I22.1					F33.9
E11.3	E13.9		I15.2	I22.8					
E11.4	E14		I15.8	I22.9					
E11.5	E14.0		I15.9	I23					
E11.6	E14.1			I23.0					
E11.7	E14.2			I23.1					
E11.8	E14.3			I23.2					
E11.9	E14.4			I23.3					
E12	E14.5			I23.4					
E12.0	E14.6			I23.5					
E12.1	E14.7			I23.6					
E12.2	E14.8			I23.8					
E12.3	E14.9			I24					
E12.4				I24.0					

**2.4 Úrvinnsla gagna vegna félagsþarfavísitölu**

**Hlutfall eldri en 65 ára sem búa einir:** Taldir eru skjólstæðingar heilsugæslunnar sem eru eldri en 65 ára í þjóðskrá og án skráðrar kennitölu maka og eru virkir skjólstæðingar heilsugæslu sl. 15 mánuði.

**Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið túlkajónustu sl. 15 mánuði.:** Talinn fjöldi samskipta þar sem skráð er notkun túlks, löggild túlkun (ZZXA00) og túlkun með aðstoð starfsmanns (ZZXA01).

**Hlutfall örorkulífeyrisþega:** Þeir sem hafa stöðuna OROR samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins og eru virkir skjólstæðingar heilsugæslu sl. 15 mánuði.

**Hlutfall einstæðra foreldra (börn 0–17 ára):** Þeir einstaklingar 18 ára og eldri sem skráðir eru ógiftir, ekkjur eða ekklar, skildir að borði og sæng eða skildir að lögum í þjóðskrá og án skráðrar

kennitölu maka og eiga barn yngra en 18 ára. Einungis eru taldir virkir skjólstæðingar heilsugæslu sl. 15 mánuði.

**Hlutfall fæddra erlendis (utan V-Evrópu og N-Ameríku):** Til íbúa sem fæddir eru erlendis teljast þeir einstaklingar sem hafa skráðan fæðingarstað í Austur-Evrópu, Suður-Evrópu, Asíu, Afríku eða Suður-Ameríku. Einungis eru taldir virkir skjólstæðingar heilsugæslu sl. 15 mánuði..

## 2.5 Heilsueflandi móttökur

Vinnuhópur um umbætur á fjármögnunarlíkani heilsugæslu lagði til að átaksverkefni í samræmi við Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 yrði hluti af lýsingu fjármögnunarlíkansins 2020.

**Markmið:** Veita ákveðnum markhópum heilðræna, framsækna og þverfaglega heilbrigðisþjónustu. Að styðja og styrkja eldra fólk til sjálfshjálpar auk þess að auðvelda aðgengi, samþættingu og samfelli viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Markhóparnir eru:

- Aldraðir einstaklingar og fjölskyldur þeirra.
- Einstaklingar með/eða í áhættu á að fá fjölþættan og/eða langvinnan heilsuvanda tengdum lifnaðarháttum.

**Hugmyndafræði að baki þjónustu: Heilðrænt mat á heilsufari og áhrifaþáttum á heilsu, lífsgæði og velsæld.** Algengir ósmittæmir sjúkdómar svo sem offita, sykursýki 2, háþrýstingur, hjartasjúkdómar og langvinn lungnateppa hafa sterk tengsl við lifnaðarhætti eins og mataræði, hreyfingarleysi, tóbak, áfengisneyslu, álag og streitu. Svo að heilsugæsluþjónustan sé betur í stakk búin að takast á við þessi algengu vandamál heilðrænt og þverfaglega, er mikilvægt að byggja upp með markvissum hætti teymisvinnu hjúkrunarfræðinga, lækna, hreyfistjóra, sálfræðinga og aðkomu næringarfræðings í allri heilsugæslunni á landinu.

Sú heilsuefling sem beinist sérstaklega að öldruðum snýst fyrst og fremst um færni bæði líkamlega og andlega. Áhersla er því lögð á greiningu og meðferð bylta og jafnvægistruflana hjá öldruðum svo og mat og meðferð minnkaðrar andlegrar færni.

**Verkþættir í átaksverkefni:**

- Verkferlar um heilsueflandi móttökur verði komið fyrir á vef Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH). Innan ramma heilsueflandi móttaka eru sykursýkismóttökur sem þegar eru til staðar á sumum heilsugæslustöðvum svo og byltu og beinverndarmóttökur fyrir aldraða. Innleiðing verkferla verði unnin í samvinnu ÞÍH og stjórnenda heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva.
- Skráning sem styður við þverfaglega teymisvinnu þróuð í Sögu. Til að mynda hópasýn sem gæti kallast „heilsueflandi móttaka“ og „heilsuvernd aldraða“.
- Fræðsla til fagfólks um verkfærin í samráði við ÞÍH.
- Hver heilsugæslustöð setur sér markmið og áætlun.
- Unnið verði að þróun gæðavísa fyrir átaksverkefni í samráði við heilbrigðisráðuneytið, þróunarmiðstöðina og embætti landlæknis.

## 2.6 Skráning sjúkdómsgreininga í sjúkraskrá: Leiðbeiningar í tengslum við fjármögnunarkerfi heilsugæslu

### 2.6.1 Samantekt úr lögum, reglugerðum og fyrirmælum varðandi sjúkraskrá

Skráning í sjúkraskrá skal vera hnitmiðuð og kóðuð. Upplýsingar skulu skráðar jafnóðum og innan 24 klst. frá samskiptum. Skráning skal fylgja fyrirmælum í lögum og reglugerð um sjúkraskrár, fyrirmælum landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa sem og fyrirmælum landlæknis um lágmarksskráningu.

Samkvæmt kröfulýsingu vegna rekstrar heilsugæsluþjónustu skal starfsfólk heilsugæslunnar skrá samkvæmt fyrirmælum landlæknis um lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum og á læknastofum. Með samskiptum er átt við viðtal, vitjun eða símtal. Samskipti geta einnig verið rafræn í gegnum Heilsuveru. Móttaka og skráning læknabréfa eða annarra gagna flokkast ekki sem samskipti þar sem engin samskipti eiga sér stað við þann sem gögnin fjalla um. Fullnægjandi skráning tilefna, greininga og úrlausna er forsenda viðeigandi greiðsluþátttöku.

Skráðar sjúkdómsgreiningar eru undirstaða útreikninga á sjúkdómabyrði í fjármögnunarkerfi heilsugæslu. Skyld er að skrá sjúkdómsgreiningar skv. fyrirmælum landlæknis og skulu sjúkdómsgreiningar skráðar í samræmi við alþjóðlega flokkunarkerfið ICD-10 (Alþjóðleg tölfræði-flokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála, 10. endurskoðun).

### 2.6.2 Hvaða sjúkdómsgreiningar skal skrá?

- Eingöngu sjúkdómsgreiningar sem skiptu máli í þeim samskiptum sem skráning tekur til
- Greiningar allra sjúkdóma sem leiddu til rannsókna eða íhlutunar í samskiptunum
- Ef skráðar eru fleiri en ein greining verður alltaf að velja aðalgreiningu sem er höfð fremst
- Aðalgreining skal endurspegla meginástæðu rannsókna og meðferðar
- Liggi sjúkdómsgreining ekki fyrir eða óvissa um greiningu mikil, skal velja mikilvægasta einkennið eða vandamálið t.d. úr R-kafla ICD-10

### 2.6.3 Hagnýt atriði

Allir heilbrigðisstarfsmenn sem koma beint að meðferð einstaklings geta skráð ICD-10 greiningu tengt veittri meðferð. Sé greining sjúkdóms ekki staðfest af viðeigandi fagaðila nýttast einkennagreiningar (R-kafla ICD-10).

Aðgerðin *Vandaliðun* í sjúkraskrárkerfinu Sögu, gerir mögulegt að tengja saman kóða svo sem greiningar, einkenni, skoðanir og úrlausnir í tilteknum samskiptum. Vandaliðun einfaldar eftirfylgd og úrvinnslu, t.d. flýtir hún fyrir þar sem vandaliðaðar greiningar koma sjálfkrafa inn við endurnýjun lyfseðla. Vandaliðun eykur þannig einnig gæði skráninga og öryggi sjúklinga.

*Kóðaleitarglugginn* opnast alltaf á *sjúklingakorti* en þar geymast allir kóðar sem áður hafa verið skráðir í heilsugæslunni fyrir valinn sjúkling. Til dæmis allar ICD-10 greiningar og úrlausnir o.s.frv.

*Forsíða sjúklings og greiningaryfirlit gefa gagnlegar upplýsingar varðandi langtíma greiningar, hvenær þær voru settar og hversu langt er síðan þeim var sinnt.<sup>23</sup>*

---

<sup>23</sup> Vakin er athygli á að leiðbeiningar þessar eru stytta samantekt sem byggir á lögum og reglugerð um sjúkraskrá auk fyrirmæla landlæknis um lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum sem allir heilbrigðisstarfsmenn sem skrá í sjúkraskrá þurfa að kunna skil á.